

REGLUGERÐ

um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um sjávarafla sem seldur er á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

3. gr.

Forráðamenn uppboðsmarkaðarins sbr. 2. gr. skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboð aflans. Til kostnaðar við uppboð telst kostnaður vegna tegundaflokkunar og eftir atvikum ísun aflans á markaði ásamt þóknun markaðar vegna sölu hans. Eftirstöðvar andvirðis aflans skiptast með þeim hætti að útgerð skipsins skal fá 20% sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um og 80% greiðist til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Greiðslur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal leggja inn á bankareikning sjóðsins eigi síðar en á föstudegi vegna afla sem seldur var í vikunni á undan.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. júlí 2008.

F. h. r.

Arndís Steinþórsdóttir.

Hrefna Gísladóttir.